

TILLAGA AÐ

STARFSLEYFI

Urðunarstaður Álfsnesi

SORPA bs.

Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Kt.: 510588-1189

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir SORPU bs., kt. 510588-1189, fyrir urðun úrgangs á urðunarstaðnum Álfsnesi, Reykjavík. Komi nýr aðili að rekstri urðunarstaðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

SORPA bs. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi og uppfylli ákvæði starfsleyfis þessa.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári.
Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða eru eftirfarandi:
 - Allur úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skal úrgangurinn vera baggaður ef mögulegt er.
 - Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem settar eru í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ekki skal urða stöðug, óvirk spilliefni í reinum eða hólfum sem ætluð eru undir lífrænan úrgang. Skrá skal staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni.
Urðun asbestúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði tl. 2.3.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Dýrahæ, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang er einungis heimilt að urða að fengnu sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni (nema stöðug og óvirk) á urðunarstaðnum.

II. Heimilt er að starfrækja hreinsistöð fyrir hauggas. Miðlunartankar fyrir metan teljast hluti af hreinsistöðinni en þeir skulu vera að hámarki um 80 m³ (STP) að heildarrúmmáli.

III. Heimilt er að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila.

Tilraunir með endurnýtingu lyktsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun er þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Í slíkum tilfellum skal rekstraraðili gera grein fyrir tilgangi, markmiðum, umfangi og aðferðum tilraunastarfseminnar áður en til framkvæmdar hennar kemur. Samþykki skal almennt ekki veitt fyrir tilraunum með lyktsterkan úrgang nema þær fari fram í lokuðu rými svo lágmarka megi mögulega lyktarmengun. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagna heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis áður en hann veitir samþykki sitt.

Útgefandi starfsleyfis eða eftirlitsaðili getur hafnað eða stöðvað tilraunastarfsemi hvenær sem er ef ekki verður staðið við framangreind skilyrði eða ef mengun frá henni er talin óásættanleg. Óheimilt er að gera tilraunir með úrgang sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002. Eftir atvikum geta tilraunir með endurnýtingu verið háðar öðrum leyfum og ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum

IV. Heimilt er að geyma úrgang sem nýttur er við rekstur urðunarstaðarins eða bíður endurnýtingar, t.d. viðarúrgang, hjólbarða, gler, steypubrot, garðaúrgang, baggað plast og net.

Magni úrgangs sem geymt er á urðunarstaðnum skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn hvers brennanlegs úrgangsflokks skal ekki vera meira en 8000 m³ hverju sinni. Um hjólbarða og plast gildir þó að ekki skal geyma meira en 5000 m³ hverju sinni og skal hver geymsluhaugur vera að hámarki 4 m hár og 2500 m³.

Óheimilt er að geyma spilliefni á urðunarstaðnum.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

1.3 Eftirlitsaðili

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang strax að verki loknu.

1.6 Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun á nýjan leik ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna án óhóflegs kostnaðar. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt án þess að kostnaður verði óhóflegur.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.9 Samráðsfundur og opinn kynningarfundur

Árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila á samráðsfund. Rekstraraðili skal einnig bjóða fulltrúa heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og fulltrúa heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis að sitja fundinn. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum

verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstrinum, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

Þá skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund a.m.k. annað hvert ár þar sem hann kynnir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga. Rekstraraðili skal auglýsa fundinn opinberlega í Reykjavík og Mosfellsbæ.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

1.11 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 48. gr. laganna. Einnig er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. mgr. 48. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum eftirlitsaðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 5. mgr. 48. gr. laganna að stöðva starfsemi rekstraraðila til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu að ræða, og svipta hann starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik sbr. 6. mgr. 48. gr. laganna.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2014. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda. Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum og fá hana samþykka af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin skal liggja fyrir og vera samþykkt eigi síðar en 1. september 2014.

Úrgangi sem geymdur er skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á

staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.4 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi umhverfisviðgerðar á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.5 Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Ef bráðamengun verður skal tafarlaust hafa samband við 112.

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða, m.a. skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4), til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd um tilfelli þar sem bráðamengun hefur orðið eða þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7 Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum urðunarstaðarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma urðunarstaðar ef þörf krefur.

2.8 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

2.10 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.11 Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana.

3.2 Varnir gegn lyktarmengun

Taka skal, eins og kostur er, tillit til nálægrrar byggðar með því að taka mið af vindafari hverju sinni við móttöku og urðun.

Fyrir urðun skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum, þó ekki úrgang sem er birgður með þekju efni strax við móttöku eða er urðaður í afmörkuðum reit fyrir lyktsterkan úrgang, sbr. 3. mgr. Baggaður úrgangur skal hafa verið úðaður fyrir böggun. Rekstraraðili getur krafist úrgangshafa um skriflega staðfestingu á að það hafi verið gert, sbr. c-lið tl. 1.1.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Einnig skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum og/eða vatni/sjó eftir að honum hefur verið komið fyrir í urðunarrein ef nauðsynlegt er til að draga úr lyktarmengun. Skal tíðni úðunar og verklag miðast við að lyktarmengun sé lágörkuð eins og frekast er unnt.

Úrgang sem telst vera lyktsterkur, t.d. seyru, síu- og ristarúrgang frá skólphreinsun, lýsisúrgang, ölgerðarhrat, sláturúrgang og fiskúrgang, skal urða í afmörkuðum urðunarreit sem sérstaklega er útbúinn til að taka við slíkum úrgangi. Skal yfirborð urðunarreitsins ávallt vera lokað og það þétt eins og kostur er. Móttökuaðstaða skal vera yfirbyggð svo losun fari ekki fram undir berum himni. Úða skal svæði í grennd við móttökuaðstöðu með lyktareyðandi efnum og ilmefnum eftir því sem nauðsynlegt er til að lágmarka lyktarmengun eins og frekast er unnt. Eyða skal lykt í lofti frá urðunarreitnum og móttökuaðstöðu eins og frekast er unnt áður en því er hleypt út, t.d. með vohreinsun í þvottaturni og með lífsíu. Ef óhapp verður og lyktsterkur úrgangur hellist niður við móttöku skal hreinsa hann upp án tafar. Rekstraraðili skal útbúa tímasetta áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og skal hún fjalla m.a. um hvenær og hvernig verði dregið úr urðun á lyktsterkum úrgangi. Áætluninni skal skila til útgefanda starfsleyfis fyrir 1. september 2014.

Komi fram nýjar og betri aðferðir við varnir gegn lyktarmengun er rekstraraðila heimilt að taka þær upp, að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis.

3.3 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og –reinar skulu þannig hönnuð að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal ennfremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins er heimilt að nýta náttúrulegan berggrunn með lektarstuðul u.þ.b. $1,0 \cdot 10^{-6}$ m/s sem jarðfræðilegan tálma. Skilyrði fyrir þessu er að rekstraraðili tryggi að botn urðunarstaðarins sé ávallt að lágmarki 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á viðkomandi svæði. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinargerð til eftirlitsaðila og sýna fram á að þessu skilyrði sé fullnægt. Greinargerðina skal leggja fram eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal hún taka til undangengins almanaksárs. Ef framangreint skilyrði er ekki uppfyllt á einhverjum hluta urðunarstaðarins skal

rekstraraðili útbúa botn þess hluta sem um ræðir með tilbúnum jarðfræðilegum tálma með lektarstuðul að hámarki $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt að lágmarki 1 m. Á botni skal vera hriplag sem er að lágmarki 0,5 m þykkt og skal lektarstuðull þess vera nógu hár til að tryggj sé að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni urðunarstaðarins. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.

- Hliðar urðunarstaðarins skal klæða með viðurkenndum þéttidúk, t.d. bentónít-dúk, sem veitir að lágmarki samsvarandi vörn og jarðfræðilegur tálmi með lektarstuðul $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt 1 m. Skal þéttidúkurinn ná frá efstu brún urðunarreina og niður fyrir neðra borð hriplags á botni. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni verði framangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

3.4 Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Heimilt er að dæla sigvatni aftur upp á urðunarstaðinn og dreifa því yfir urðaðan úrgang, í þeim tilgangi að örva gasmyndun. Sigvatninu skal eingöngu dreift yfir úrgang sem hefur verið birgður með þekjuefni. Sigvatn sem ekki er dælt aftur upp á urðunarstaðinn skal leiða í gegnum hreinsivirki og til sjávar í Þerneyjarsundi. Í hreinsivirki skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka. Að lágmarki skal hreinsa föst efni úr sigvatninu með setþró.

3.5 Hauggas

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það ella, að fengnum viðeigandi leyfum. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna. Vinnsla á hauggasi til framleiðslu eldsneytis telst vera endurnýting á hauggasinu.

Afgas frá gashreinsistöð skal hreinsa, t.d. með lífsíu, áður en því er hleypt út.

Frárennsli frá gashreinsistöð skal meðhöndla með fullnægjandi hætti. Heimilt er að nýta frárennslisvatnið til hreinsunar á lofti frá móttöku og urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2. Frárennslisvatn sem ekki er nýtt með þeim hætti skal leiða til sjávar í Þerneyjarsundi. Ef þörf krefur skal hreinsa vatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka.

Verði vart við leka hauggass, metans eða afgass frá gashreinsistöð skal bregðast við án tafar, stöðva lekann og gera viðeigandi endurbætur á lögnum, tönkum eða öðrum hlutum stöðvarinnar.

3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti á urðunarstaðnum, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangsins.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar, að undanskildum stöðugum, óvirkum spilliefnum sem heimilt er að urða skv. gr. 1.2. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Skal þekjulagið vera að lágmarki 150 mm að þykkt. Þó er heimilt að víkja frá þessu verklagi og birgja úrganginn sjaldnar ef um er að ræða baggaðan úrgang sem urðaður er í stæðu og skapar ekki lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Þessi úrgangur skal þó birgður svo fljótt sem auðið er og skulu varnir gegn lyktarmengun vera í samræmi við 2. mgr. gr. 3.2. Á tímabilinu 1. maí – 30. september ár hvert skal birgja baggastæðu a.m.k. í lok hverrar vinnuviku. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

Sérstök ákvæði gilda um frágang við urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2.

4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr

skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Rekstur hreinsimannvirkja.
7. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns, grunnvatns og sjávarsets, sbr. gr. 5.2.
8. Niðurstöður mælinga á þrýstingi og samsetningu hauggass, sbr. gr. 5.2.
9. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
10. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
12. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
13. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, sjávarseti og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, sjávarset og hauggass samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Efnisþættir	Tíðni
Magn sigvatns	Neðan hreinsivirkis	Rennsli	Mánaðarlega (einnig við hverja sýnatöku); fyrir fyrsta dag hvers mánaðar
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ ⁺)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), nítrat (NO ₃ ⁻), köfnunarefni (N _{heild}), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl ⁻), flúoríð (F ⁻), sulfat (SO ₄ ⁻²), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-2, ÁN-4, ÁN-5, ÁN-9, ÁN-10, auk 4ra nýrra brunna*	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-2, ÁN-4, ÁN-5, ÁN-9, ÁN-10	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ ⁺), nítrat (NO ₃ ⁻), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár (fyrst 2014); fyrir 1. okt.
Mengunarefni í sjávarseti**	Fínkornótt botnset við útrás sigvatns í vík vestan urðunarstaðarins	Blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), kopar (Cu), sink (Zn), króm (Cr), nikkell (Ni), arsen (As), lífræn halógensambönd (AOX)	Fjórða hvert ár (fyrst 2017); fyrir 1. okt.
Þrýstingur og samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	Þrýstingur, CH ₄ , CO ₂ , O ₂	Mánaðarlega; fyrir 15. dag hvers mánaðar
Samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	H ₂ S, H ₂	Fjórum sinnum á ári; fyrir 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 31. des.

* Staðsetja skal nýja brunna í samráði við útgefanda starfsleyfis.

** Heimilt er að nota mælingar á mengunarefnum í kræklingi í stað mælinga á mengunarefnum í sjávarseti. Koma skal kræklingnum fyrir í búri í vík vestan urðunarstaðarins, við útrás sigvatns, og mæla sömu þætti og í sjávarseti. Til samanburðar skal mæla sömu þætti í kræklingi sem komið er fyrir í Hvalfirði, á stað sem eftirlitsaðili samþykkir.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

5.3 Losunar- og umhverfismörk

Við útrás sigvatns í Þerneyjarsundi mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Gæði sjávarsets skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, og skila árlega til útgefanda starfsleyfis.

Jafnframt skal rekstraraðili skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Heimilt er að samþætta skil á útstreymisbókhaldi og niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.4, í samráði við Umhverfisstofnun.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. viðauka I og fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til dd.mm. 2030.

Reykjavík, dd.mm. 2014

Umhverfisstofnun

Viðauki 1

Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.7: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Grein 2.1: Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2014.
- Grein 2.1: Viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum skal útbúin og samþykkt eigi síðar en 1. september 2014.
- Grein 3.2: Tímasettri áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun skal skila fyrir 1. september 2014.
- Grein 3.3: Greinargerð um stöðu botns m.v. grunnvatnshæð skal lögð fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.5: Skila skal grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eftir því sem viðeigandi reglugerðir kveða á um.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins þá gildir megintextinn.